

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 91/2012**

2012/EES/50/18

frá 30. apríl 2012

um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2012 frá 10. febrúar 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/952/EB frá 19. nóvember 2008 um ítarlegar viðmiðunarreglur um framkvæmd og beitingu II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/8/EB ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 24. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/8/EB) í IV. viðauka við samninginn:

„24a. **32008 D 0952**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/952/EB frá 19. nóvember 2008 um ítarlegar viðmiðunarreglur um framkvæmd og beitingu II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/8/EB (Stjtið. ESB L 338, 17.12.2008, bls. 55).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2008/952/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 161, 21.6.2012, bls. 23, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 34, 21.6.2012, bls. 28.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 338, 17.12.2008, bls. 55.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.